

## ELDRI DAGSKRÁR

Dagskrár sem hafa verið fluttar á undanförunum misserum við afbragðs undirtektir. Sumar þeirra er ennþá hægt að pantast með litlum fyrirvara, en aðrar eru ekki lengur í boði:

### Yngsta stigi:

**Englar, úlfar og allskyns skrímsli** – Áslaug Jónsdóttir og Kristín Steinsdóttir

**Bók er bland í poka** – Gerður Kristný og Sigrún Eldjárn

**Furðuskepnur og skrýtið fólk** – Iðunn Steinsdóttir og Áslaug Jónsdóttir

**Fugla- og fiskisúpa** – Vilborg Dagbjartsdóttir og Sigrún Eldjárn

**Sögu- og ljóðaflétta** – Gerður Kristný og Þórarinn Eldjárn

**Hundakex og Dojojong** – Einar Már Guðmundsson og Einar Kárason

**Ætli þetta geti verið satt?** – Iðunn Steinsdóttir og Hjörleifur Hjartarson

### Miðstigi:

**Gegnum galdramúrinn** – Kristín Helga Gunnarsdóttir og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

**Sagan á bak við söguna** – Ragnheiður Gestsdóttir og Þórgímur Þráinsson

**Víkingar, ambáttir, kempur og konungar**

– Kristín Steinsdóttir og Brynhildur Þórarinsdóttir

**Hverjir eru vitleysingar?** – Guðrún Helgadóttir og Kristín Helga Gunnarsdóttir

**Ævintýralegur hversdagur – hversdagsleg ævintýri!**

– Ólafur Haukur Símonarson og Þórgímur Þráinsson

**Fíasól og flinki teiknarinn** – Kristín Helga Gunnarsdóttir og Halldór Baldursson

**Ort og sagt um líf og leit** – Olga Guðrún Árnadóttir og Þórarinn Eldjárn

### Unglingastigi:

**Innsýn – útsýn** – Sigurður Pálsson og Þórarinn Eldjárn

**Að skrifa og segja frá** – Einar Már Guðmundsson og Einar Kárason

**Kollsteypur** – Ragnheiður Gestsdóttir og Margrét Lóa Jónsdóttir

**Tveir ógeðslega frábærir** – Einar Kárason og Einar Már Guðmundsson

**Skiljið áttavítann eftir heima!** – Gerður Kristný og Stefán Máni

**Ljóðasmygl og ljóðtímaflakk** – Andri Snær Magnason og Sigurður Pálsson

### Öll skólástigi:

**Hvaða Jónas kvað hvað?** – Silja Aðalsteinsdóttir og Þorvaldur Þorsteinsson

**Stjörnuhlópur með staf, handriðabrunarinn Helga og Haukur sem skítti á fiðluna**

– Pétur Gunnarsson og Jón Hjartarson

**Með hugann fullan af hetjudraumum** – Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Svavar Knútur

## NÝJAR DAGSKRÁR

19. október – 17. nóvember

## Skammarstrik og skringileg uppátæki

Í fjölbreyttri dagskrá með sögum, ljóðum, söng og leik búa **Iðunn Steinsdóttir** og **Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson** til bráðskemmtilega fléttu úr verkum sínum. Gamlir og nýir tímar mætast, grallarar og ólíkindatöl láta að sér kveða, börn og fullorðnir skemmta sér við skringileg uppátæki. **Romsur** og rammíslensk fyrirbæri leika lausum hala. **Ævar á grænni grein** er enginn eftirbátur systranna góðkunnna, Snúðru og Tuðru, og stendur fast á sínu. Hér ræður ævintýralegt ímyndunarafl ferðinni.

Hentar vel fyrir **1. – 4. bekk**.

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemunum og tölva með skjávarpa.

## Hetjur og söguhetjur

**Kristín Steinsdóttir** og **Sigrún Eldjárn** eru báðar þaulreyndar í skáldsagnaskrifum fyrir ýmsa aldurshópa. Sögupersónur þeirra er mismiklar hetjur, en allar eiga þær það sammerkt að vera söguhetjur. Kristín mætir með splunkunýja bók sem heitir einfaldlega **Hetjur** og í henni er farið um víðan völlu en einnig horft til fortíðar. Í **Eyjabókum** Sigrúnar, **Eyjum Gullormsins**, **Glerfisksins** og **Sólfuglsins**, fara söguhetjurnar á furðulegar slóðir sem eru ekki endilega til í raunveruleikanum.

Hentar vel fyrir **5. – 7. bekk**.

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemunum og tölva með skjávarpa.

## Bannað innan 16

**Hallgrímur Helgason** og **Jónína Leósdóttir** eru ólíkir höfundar en verk beggja snerta þó unglingsárin. Jónína gefur í haust út sína fjórðu unglingsbók og Hallgrímur hefur stundum verið kallaður eilífðarunglingur fyrir galsafengin skrif sín. Bæði leyfa þau sér að fara upp að velsæmismörkum í verkum sínum og jafnvel stundum yfir þau. Þau munu lesa krassandi kafla úr bókum sínum þar sem hlutir eins og kynlíf og kaldhæðni koma við sögu, texta sem sumir myndu kannski segja að ættu að vera „bannaðir innan 16“ en gætu þó þvert á móti verið hárréttir önglar til þess að veiða lesfælna unglunga og glæða með þeim áhuga á innlendum bókmenntum.

Hentar vel fyrir **8. – 10. bekk**.

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemunum og tölva með skjávarpa.

## Haust 2009



Bókmenntaverkefnið **Skáld í skólum** hóf göngu sína haustið 2006. Er skemmst frá því að segja að grunnskólar landsins hafa tekið framtakinu fagnandi og eftirspurn farið vaxandi með hverju árinu. Frá upphafi hefur ólíkum höfundum verið stefnt saman og þeir undirbúið dagskár sínar með ákveðna aldurshópa í huga. Fljótlega sýndi sig að haustannir henta mun betur en vorannir þegar höfundaheimsóknir eru skipulagðar og því hefur verið horfið frá því að láta verkefnið teygja sig fram eftir vetri. Þegar hafa verið kynntar og fluttar rúmlega 20 mismunandi dagskár í meira en 100 grunnskólum.

Ennfremur er vert að minna á að margir höfundar bjóða upp skemmtilegar skóladagskrár, þar sem þeir fjalla um verk sín og ræða við nemendur um bókmenntir. Höfundamiðstöðin hefur milligöngu um að bóka slíkar heimsóknir og veitir líka aðstoð ef skólar, fyrirtæki eða stofnanir vilja standa fyrir ritlistarnámskeiðum, ráðstefnum eða öðrum viðburðum sem rithöfundar koma að.

**Tímabil á haustönn:**  
**19. október – 17. nóvember 2009**

**Frestur til að panta dagskrár er til**  
**21. september 2009**

**Verð miðast við fjölda áhorfenda**  
**Kr. 200,- á hvern nemanda**  
**en lágmarksgreiðsla er kr. 16.000,-**

Höfundamiðstöð Rithöfundasambandsins  
og Skáld í skólum njóta stuðnings menntamálaráðuneytisins.

**Upplýsingar í síma 568 3190**  
**rsi@rsi.is**  
**www.rsi/hofundamidstod/**

# Skáld í skólum



**Bókmenntadagskrár**  
**fyrir börn og unglunga**

**Haust 2009**

Höfundamiðstöð RSÍ